



Verðbólgan lækkaði milli mánaða

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,09% milli mánaða í takt við spá okkar og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,0% samanborið við 3,2% í ágúst. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,10% milli mánaða og mælist 2,9% verðbólga á þann mælikvarða.

Opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,2. Við höfðum spád +0,1%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Föt og skór** hækkuðu vegna útsöluloka.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkuðu líka vegna útsöluloka.
- **Húsnæði án reiknaðar húsaleigu** lækkaði vegna þess að greidd húsaleiga lækkaði um 0,6% milli mánaða. Þetta kom nokkuð á óvart, en vísitala leiguverðs hækkaði um 1,0% milli mánaða í ágúst.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu mun minna milli mánaða í september en síðustu ár. Þetta er í samræmi við þróunina fyrr í sumar þegar verð á flugi hækkaði mun minna yfir sumarið en áður hafði sést.
- **Bensín og díselolía** lækkaði svipað og verðkönnun okkar benti til.


Gerum ráð fyrir 2,1% verðbólgu í desember

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,2% hækkun VNV í október, óbreyttu í nóvember og +0,5% í desember. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,1% í desember.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	-0,2%	3,1%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,0%	2,5%
Föt og skór	3,8%	2,9%	1,8%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,1%	0,2%	4,2%
Reiknuð húsaleiga	16,2%	-0,2%	2,1%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	2,3%	4,9%
Heilsa	4,0%	-0,5%	2,9%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,0%	1,2%
Kaup ökutækja	5,6%	-1,1%	4,2%
Bensín og díselolía	3,4%	-0,9%	-0,5%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-8,6%	5,5%
Póstur og sími	1,8%	-0,1%	-1,7%
Tómst. og menning	10,0%	0,6%	3,0%
Menntun	0,4%	0,6%	2,4%
Hótel og veitingast.	5,8%	-0,2%	3,0%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	-0,1%	3,7%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Verðbólgan mælist 3,0% í september samanborið við 3,2% í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands

Nær enginn munur er árhækkun vísitölu neysluverðs með og án húsnæðis.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,1% verðbólgu í desember.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mesti munur á spá okkar og mælingu Hagstofunnar var í húsgögnum og heimilisbúnaði.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag allra helstu undirliða er til hækkunar.



Heimild: Hagstofa Íslands


Um 80% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði.



Heimild: Hagstofa Íslands




Það var 5% dýrara að fljúga til útlanda en fyrir ári síðan.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Árshækkun reiknaðrar húsaleigu er 2,1%.



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.


Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Föt og skór lækka alla jafna í júlí vegna sumarútsala, en sú lækkun gengur til baka í ágúst og september.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er komið niður fyrir 2,5%.



Heimild: Kodiak pro, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.